

10
25. jan.

AUGLÝSING

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 1. febrúar þ. á. allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 13. nóvember 1939, um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. janúar 1940.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

11
29. jan.

REGLUGERÐ

fyrir rafveitu Eyrarbakka.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar og orkuveitusvæði.

Rafveita Eyrarbakka er einkafyrirtæki, sem vinnur raforku, veitir henni um Eyrarbyggahrepp, innan þess svæðis, sem raftaugar veitunnar ná nú yfir, og selur hana til ljósa og til annarar notkunar eftir því sem afl véla hennar nægir, enda trúfli sú notkun ekki góðan rekstur rafveitunnar til ljósa.

Rafveitan hefir einkarétt til sölu raforku á orkuveitusvæði sínu eftir samningi við hreppsnefnd Eyrarbyggahrepps.

2. gr.

Rafveitustjóri.

Frankvæmdastjórn rafveitunnar sé í höndum rafveitustjóra, og hafi hann löggingingu rafmagnseftirlits ríkisins fyrir lágspennuveitur. — Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu rafveitunnar og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana, sér um viðhald, eftirlit og lagningu á raftaugum, raflögnum húsa og á öðrum útbúnaði. Hann ber ábyrgð á vandvirkni og hæfni starfsmanna sinna.

3. gr.

Rafvirkjun.

Rafveitan hefir ein rétt til þess að leggja raftaugar utanhúss og innan, innan þess svæðis, sem raftaugar hennar ná yfir. — Skal hún hafa í þjónustu sinni til þess löggingilta rafvirkja, er annist um og beri ábyrgð á vandaðri vinnu. Henni er skylt að gæta þess jafnan, að rafvirkjaverk, hvort heldur er um að ræða lagningu nýrra raflagna eða breytingar eða viðgerðir á eldri lögnum, dragist ekki og taki sem skemmstan tíma.

Rafveitunni er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af nauðsynlegum varahlutum